

STJÓRNARTÍÐINDI B 120 – 2001

28. nóvember 2001

2699

Nr. 895

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

Í stað: „1. desember 2001“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðbirgða, sbr. reglugerð nr. 750, 10. október 2001, komi: 1. febrúar 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 36, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. nóvember 2001.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

23. nóvember 2001

Nr. 896

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.